


Lundarskóli, Akureyri

Sterkari saman



Skapandi hugsun og frumkvæði
er betri í námi en
þáfangakalærdómur.

Myndskreyttar kennslubækur
auðvelda nám og
gera það skemmtilegra!

★★★
GÆÐA-
VIÐURKENNING
ERASMUS+
★★★



Erasmus+
www.erasmusplus.is

Reynsla, færni og aukið sjálfstraust

Níu grunnskólar frá jafnmörgum Evrópulöndum tóku þátt í verkefninu „Sterkari saman“ þar sem nemendur og kennarar fengu að kynna því hvernig stærðfræði er nátengd öllu þeirra daglega lífi og umhverfi. Markmið verkefnisins var að skoða nám og kennslu í stærðfræði í gegnum sameiginlegt starf og námsverkefni, að sýna nemendum hin sterku tengsl stærðfræðinnar við umheiminn og að nemendur fengju að kynna því sem er líkt og ólíkt með skólum í mismunandi löndum.

Marianna Ragnarsdóttir stýrði verkefninu fyrir Lundarskóla á Akureyri. Hún segir hvern skóla hafa haft sína eigin starfshætti sem deilt var með samstarfsaðilum. Þar að auki hafi skólarnir skipst á kössum með óvæntu innihaldi og allir bjuggu þeir til lukkudýr sem ferðuðust á milli skóla meðan á verkefninu stóð. Haldin var dagbók um framgang verkefnisins og ferðir lukkudýranna en þau voru ekki þau einu sem fóru á milli því bæði kennarar, skólastjórnendur og tíu nemendur skólans heimsóttu samstarfsskóla erlendis og tóku þátt í daglegu skólastarfi.

„Nemendur höfðu mikinn áhuga á að heimsækja aðra skóla, upplifa land, þjóð og menningu ásamt því að taka þátt í skólastarfi í öðru landi. Í slíkum skólaheimsóknum öðlast nemendur reynslu, færni og aukið sjálfstraust. Þetta á einnig við um kennara og skólastjórnendur sem tóku þátt í verkefninu,“ segir Marianna. Hún segir það hafa haft mikla þýðingu fyrir Lundarskóla að fá tækifæri til að kynna land, þjóð og það sem skólinn stendur fyrir sem og að geta þróað starfshætti sína með því að læra af öðrum.

„Það sem kom mér mest á óvart var áhugi annarra landa á Íslandi og menningu okkar. Skólaheimsóknirnar voru einnig áhugaverðar og skiluðu aukinni þekkingu,“ heldur hún áfram. Hún bætir við að áhugi fyrir samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir fari vaxandi í Lundarskóla þar sem mikill vilji sé fyrir að taka þátt í námskeiðum erlendis sem miða að faglegu samstarfi, starfsþróun og aukinni færni í starfi.

Marianna segir kennara í Lundarskóla hafa nýtt sér gögn úr verkefninu sem fánleg eru innan skólans áfram til kennslu en einnig má finna afrakstur verkefnisins á heimasíðu þess www.icecomenius.weebly.com.



Það sem kom mér mest á óvart var áhugi annarra landa á Íslandi